

## 1 Mat á skólastarfi

Ölduselsskóli hefur gert sjálfsmatsáætlanir frá árinu 2002. Fyrsta matsskýrsla skólans kom út vorið 2005. Að matinu koma starfsmenn skólans, foreldrar og nemendur. Markmið matsins er að skilgreina styrkleika og veikleika skólastarfsins, draga fram það góða og benda á það sem betur má fara. Í skólanum er starfandi matsteymi sem leggur fyrir

### 1.1 Áætlun um innra mat fyrir skólaárið

Matsteymið vinnur samkvæmt matsáætlun sem gerð er til þriggja eða fjögurra ára í senn. Þar koma fram allar þær kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir. Skólaárið 2015-2016 er unnið eftir matsáætlun sem gildir frá árinu 2011 til ársins 2015. Matsáætlunina er að finna á heimsíðu skólans. [http://www.ölduselsskoli.is/images/stories/Skolinn/Matsaetlun\\_2011-2015.pdf](http://www.ölduselsskoli.is/images/stories/Skolinn/Matsaetlun_2011-2015.pdf). Ný matsáætlun fyrir árin 2015-2018 verður unnin að hausti 2015.

### 1.2 Heildarmat

Heildarmat á skólastarfi Ölduselsskóla frá Skóla -og frístundasviði var síðast gert árið 2011-2012. Ekki liggur fyrir hvenær næsta heildarmat verður gert.

